

Póst- og fjarskiptastofnun

10 512

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Póst- og fjarskiptastofnun

kt. 570397-2499

Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Póst- og fjarskiptastofnun er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála á Íslandi.

Meginhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og póstpjónustu fyrir alla landsmenn. Lög um Póst- og fjarskiptastofnun eru frá 2003 nr. 69.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 554,7 milljónir og afkoma kr. 52,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 258,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 389,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hrafnkell V. Gíslason,
forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	434.800.000	379.400.000
Seld þjónusta	3	26.969.904	27.715.886
Framlög og ýmsar tekjur	4	79.341.257	96.352
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	13.616.402	12.300.929
Tekjur samtals		<u>554.727.563</u>	<u>419.513.167</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	349.839.471	312.784.529
Annar rekstrarkostnaður	6	138.844.193	111.988.206
Afskriftir	7	13.616.402	12.300.929
Gjöld samtals		<u>502.300.066</u>	<u>437.073.664</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		52.427.497	(17.560.497)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	118.319
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(82.929)	(50.683)
		<u>(82.929)</u>	<u>67.636</u>
Afkoma ársins		<u><u>52.344.568</u></u>	<u><u>(17.492.861)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>452.974</u>	<u>689.270</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		40.795.701	38.273.135
Farartæki og vélar		<u>6.790.250</u>	<u>6.533.521</u>
		<u>47.585.951</u>	<u>44.806.656</u>
Fastafjármunir samtals		<u>48.038.925</u>	<u>45.495.926</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	6.891.928	1.780.728
Tengdir aðilar	11	274.443.898	209.562.255
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		62.014	136.987
Handbært fé	12	<u>60.135.651</u>	<u>48.747.324</u>
Veltufjármunir samtals		<u>341.533.491</u>	<u>260.227.294</u>
Eignir samtals		<u>389.572.416</u>	<u>305.723.220</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		<u>258.789.174</u>	<u>206.444.606</u>
Eigið fé samtals		<u>258.789.174</u>	<u>206.444.606</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	286.900	0
Viðskiptaskuldir		46.154.305	15.655.073
Ýmsar skammtímaskuldir	14	38.895.866	36.060.968
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	<u>45.446.171</u>	<u>47.562.573</u>
Skuldir samtals		<u>130.783.242</u>	<u>99.278.614</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>389.572.416</u>	<u>305.723.220</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		52.344.568	(17.492.861)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	13.616.402	12.300.929
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(13.616.402)	(12.300.929)
		<u>52.344.568</u>	<u>(17.492.861)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(5.036.227)	1.158.064
Tengdir aðilar		(64.594.743)	3.838.611
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		33.334.130	11.537.020
		<u>(36.296.840)</u>	<u>16.533.695</u>
		<u>16.047.728</u>	<u>(959.166)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(708.961)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(16.159.401)	(8.324.392)
		<u>(16.159.401)</u>	<u>(9.033.353)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		11.500.000	11.100.000
		<u>11.500.000</u>	<u>11.100.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		11.388.327	1.107.481
		<u>48.747.324</u>	<u>47.639.843</u>
		<u>60.135.651</u>	<u>48.747.324</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	434.800.000	390.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(11.100.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	434.800.000	379.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	13.616.402	12.300.929
	<u>448.416.402</u>	<u>391.700.929</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	384.100.000	0	0	384.100.000
Fjáraukalög	50.700.000	0	0	50.700.000
Fjárveiting til tekna	434.800.000	0	0	434.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ..	(382.455.432)	0	0	(382.455.432)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	52.344.568	0	0	52.344.568

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	6.716.060	422.604
Sala á vöru og þjónustu	7.784.000	8.339.000
Verksala	1.531.500	1.495.000
Vörusala	8.997.750	5.707.545
Ýmsar þjónustutekjur	509.894	10.535.737
Veitinga- og gistiþjónusta	1.430.700	1.216.000
	<u>26.969.904</u>	<u>27.715.886</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	79.000.000	0
Ýmsar tekjur	341.257	96.352
	<u>79.341.257</u>	<u>96.352</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	277.870.925	244.526.558
Orlof, breyting	2.201.853	4.980.466
Launatengd gjöld	63.658.047	57.773.673
Starfsmannakostnaður	6.108.646	5.503.832
	<u>349.839.471</u>	<u>312.784.529</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	26,6	24,0

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	586.217	857.821
Byggingarvörur, almennar	26.720	2.589.663
Byggingarvörur, aðrar	28.382	54.298
Tæki og búnaður til innréttinga	0	42.836
Ýmis tæki og áhöld	749.389	1.367.050
Varahlutir og viðhaldsvörur	100.510	0
Orkugjafar	1.310.022	1.045.440
Matvæli	7.009.494	5.033.098
Almennar rekstrarvörur	472.912	580.942
Vörukaup, almenn	10.283.646	11.571.148
Ýmsar sérgreindar vörur	0	3.224
Vörukaup, sérgreind	0	3.224
Fundir, námskeið, risna	27.831.343	22.350.847
Ferðir, uppihald	8.893.616	11.194.309
Akstur	821.811	652.018
Sérfræðiþjónusta	33.335.819	15.199.749
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	89.168	171.465
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.262.146	1.684.838
Vistunargjöld	0	1.991
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.135.069	3.451.652
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	75.368.972	54.706.869
Afnotagjöld	31.384.239	26.203.350
Leigugjöld	15.095.410	13.037.151
Notkun véla og flutningatækja	11.970	12.757
Verkkaup	3.203.307	3.585.125
Kostnaðarhlutdeild	2.088.177	2.029.046
Tryggingar, lögboðnar	261.397	246.679
Opinber gjöld	968.528	282.204
Tapaðar kröfur	178.547	310.653
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	53.191.575	45.706.965
Annar rekstrarkostnaður samtals	138.844.193	111.988.206

Skýringar

	2019	2018	
7 Afskriftir			
Áhöld, tæki og búnaður	12.201.511	11.150.510	
Farartæki og vélar	1.178.595	1.130.728	
Niðurfærsla óefnislegra eigna	236.296	19.691	
	13.616.402	12.300.929	
	31.12.2019	31.12.2018	
8 Óefnislegar eignir			
Óefnislegar eignir	452.974	689.270	
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður	
Stofnverð 1.1.2019		708.961	
Viðbót á árinu		0	
		708.961	
Niðurfært 1.1.2019		19.691	
Niðurfærsla ársins		236.296	
		255.987	
Staða 31.12.2019		452.974	
9 Varanlegir rekstrarfjármunir			
	31.12.2019	31.12.2018	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	40.795.701	38.273.135	
Farartæki og vélar	6.790.250	6.533.521	
	47.585.951	44.806.656	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019.....	89.229.784	10.054.225	99.284.009
Viðbætur á árinu.....	14.724.077	1.435.324	16.159.401
	103.953.861	11.489.549	115.443.410
Afskriftir 1.1.2019.....	50.956.649	3.520.704	54.477.353
Afskrift ársins.....	12.201.511	1.178.595	13.380.106
	63.158.160	4.699.299	67.857.459
Staða 31.12.2019.....	40.795.701	6.790.250	47.585.951

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
10 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	6.891.928	1.780.728
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	<u>6.891.928</u>	<u>1.780.728</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	273.721.898	170.875.441
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	722.000	10.363.454
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	28.323.360
	<u>274.443.898</u>	<u>209.562.255</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	286.900	0
	<u>286.900</u>	<u>0</u>

12 Handbært fé

Tékkareikningar	29.704.870	19.238.985
Sparisjóðsreikningar	30.430.781	29.508.339
	<u>60.135.651</u>	<u>48.747.324</u>

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	206.444.606	223.937.467
Afkoma ársins	52.344.568	(17.492.861)
Jöfnuður 31.12.	<u>258.789.174</u>	<u>206.444.606</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 201,3 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum. Að öðru leyti er ráðstöfun eigin fjár háð ákvæðum laga um opinber fjármál.

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
14 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	37.402.643	35.200.790
Ógreidd laun	920.412	0
Önnur ógreidd gjöld	238.996	524.790
Skattar	333.815	335.388
	38.895.866	36.060.968

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiddsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	48.038.925	45.495.926
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(2.592.754)	2.066.647
	45.446.171	47.562.573

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	45.495.926	2.066.647	47.562.573
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	11.500.000	11.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	16.159.401	(16.159.401)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(13.616.402)	0	(13.616.402)
	48.038.925	(2.592.754)	45.446.171

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 11,1 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert húsaleigusamning við Mænis Reykjavík ehf. til 15. júní 2024 og aðra ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslar vegna húsaleigu nema kr. 18,3 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 36,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.